

Á R S S K Ý R S L A

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1 9 7 2

Á R S S K Ý R S L A

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1 9 7 2

STJÓRN.

Á 11. ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Hólmsteinn Sigurðsson, formaður
Bjarni Gunnar Sveinsson
Björn Jóhannsson
Birgir Guðbjörnsson
Gylfi Kristjánsson

Varamenn: Hörður Túliníus
Stefán Þórarinnsson

VERKASKIPTING.

Á fyrsta fundi hinnar nýkjörnu stjórnar, skiptu stjórnarmenn með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Hólmsteinn Sigurðsson, formaður
Björn Jóhannsson, varaformaður
Bjarni Gunnar Sveinsson, gjaldkeri
Gylfi Kristjánsson, ritari
Birgir Guðbjörnsson, meðstjórnandi.

Aðeins starfaði ein nefnd á árinu, Landsliðsnefnd.
Hana skipuðu:

Ólafur Thorlacius, formaður
Björn Jóhannsson
Guðmundur Þorsteinsson, þjálfari.

Blaðafulltrúi: Sigurður V. Halldórsson

Þjálfarar: Guðmundur Þorsteinsson
Ólafur Thorlacius

STJÓRNARSTÖRF.

Alls voru haldnir 17 bókaðir stjórnarfundir á starfsárinu, auk margra annara funda, þar sem stjórnarmeðlimir komu saman til að vinna að ákveðnum verkefnum.

Segja má, að starf stjórnarinnar hafi aðallega beinst að eftirtöldum verkefnum:

1. Framkvæmd Íslandsmótsins 1972.
2. Undirbúningi fyrir Polar Cup 1972.
3. Keppni við liðið Dudelange frá Luxemborg.
4. Keppni um Sendiherrabikarinn.
5. Bikarkeppni K.K.Í.
6. Tveimur Dómaranámskeiðum.
7. 60 ára afmæli Í.S.Í.
8. Íslandsmóti í Minni-bolta.

ÍSLANDSMÓTIÐ 1972.

Íslandsmótið hófst í janúar með keppni í 1. deild, en liðin í deildinni voru nú í fyrsta skipti 8 talsins. Þetta þýddi fjölgun á leikjum í 1. deild úr 42 í 56. Leikirnir í 1. deild fóru fram í Íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi og í Íþróttaskemmuni á Akureyri.

Leikirnir í öðrum flokkum fóru fram með svipuðu sniði og undanfarin ár, leikin var tvöföld umferð í yngri flokkunum samkvæmt eindreginni ósk flestra félaganna, en riðlaúrslit fóru síðan fram viðsvegar í Reykjavík.

Vestfjarðarriðill fór að þessu sinni fram á Patreksfirði. - Það hefur áður borið við, að erfitt hefur verið að leika tvöfalda umferð í þessum flokkum, en þó þótti rétt að reyna enn einu sinni. Ekki tókst þó betur til en áður, og enn er það sama vandamálið sem við blasir í þessu sambandi.

Margir virðast álíta, að framkvæmd Íslandsmótsins sé eitt-hvert einkamál stjórnar K.K.Í. - Stjórn K.K.Í. verður að geta reitt sig á stuðning félaganna í sambandi við framkvæmd mótsins, en fáir virðast vilja starfa, - það er vinsælla að gagnrýna.

Eitt af því nauðsynlegasta sem fyrir þessu þingi liggur, er það að koma þessum málum í betra horf. Staðreyndin er sú, að störf stjórnarmanna K.K.Í. hafa að mestu leyti farið í þessi mál, og af því leiðir að önnur störf hafa orðið að mæta afgangi.

Er vonandi að menn geri sér þetta ljóst og breyting til batnaðar komi hér til hið fljótasta.

HEIMSÓKN DUDELANGE.

Í marz kom hingað til landsins eitt bezta félagslið frá Luxemborg, Dudelage, en það lið var þá á leið til Bandaríkjana. Lék liðið hér einn leik, við Úrvalslið Körfuknattleikssambandsins, sem þá var rétt ófarið til Polar Cup í Svíþjóð. Í fremur góðum leik þessara liða tókst okkur að sigra með 94 stigum gegn 70.

KEPPNI UM SENDIHERRABIKARINN.

Hin árlega keppni milli Reykjavíkurúrvals og úrvals varnarliðsmanna af Keflavíkurflugvelli fór fram í febrúar og marz. Leiknir voru fimm leikir í keppninni að venju, og fóru tveir þeirra fram í Reykjavík, en hinir á Keflavíkurflugvelli. Varnarliðinu tókst að sigra í þessari keppni, þeir unnu fjóra leiki en Reykjavíkurúrval einn. K.K.Í. hafði farið fram á það við stjórn Körfuknattleiksráðs Reykjavíkur fyrir keppnina að Landsliðsnefnd K.K.Í. fengi að velja lið Reykjavíkur, og sjá um heimaleiki okkar. Það leyfi var veitt. Var keppni þessi hin bezta æfing fyrir úrval K.K.Í., sem átti fyrir höndum ferð til Polar Cup.

ÍSLANDSMÓT Í MINNI-BOLTA.

Vegna þess hve erfiðlega framkvæmd Íslandsmótsins í hinum ýmsu flokkum gekk, varð að fresta Íslandsmóti hinna yngstu þ.e. Minni-bolta mótinu þar til í byrjun júní. Var þetta mjög leitt, en margir af hinum yngri leikmönnum voru þá ýmist farnir í sveit, eða að fara. Mótið tókst að öðru leyti ágætlega. Fjölmörg félög sendu lið til keppinnar og sigurvegarar urðu a-lið Knattspyrnufélagsins Fram og voru það fyrstu meistaraar hinnar ungu körfuknattleiksdeildar félagsins.

POLAR CUP - STOKKHÓLMI 31/3 - 2/4 1972.

Landsliðsnefnd sá um val á landsliðsæfingar og endanlegt val liðsins, en þjálfari var Guðmundur Þorsteinsson og aðstoðarþjálfari Ólafur Thorlacius.

Eftirtaldir menn voru valdir til fararinnar:

Kolbeinn Pálsson K.R., fyrirliði
Kári Marísson, Val
Agnar Friðriksson, ÍR
Kristinn Jörundsson, ÍR
Björn Christensen, Á
Gunnar Gunnarsson, UMFS
Birgir Jakobsson, ÍR
Kristinn Stefánsson, KR
Einar Bollason, KR
Þórir Magnússon, Val
Bjarni Jóhannesson, KR
Jón Sigurðsson, Á

Dómari: Erlendur Eysteinnsson

Fararstjórar: Hólmsteinn Sigurðsson
Björn Jóhannesson.

Úrslit einstakra liða urðu sem hér segir:

31/3	Svíþjóð - Noregur	126-63	(64-24)
	Finland-Danmörk	102-75	(63-35)
	Ísland-Noregur	102-100	(61-51)
	Danmörk-Svíþjóð	74-125	(33-66)
1/4	Finland-Ísland	89-68	(46-40)
	Noregur-Danmörk	72-83	(34-34)
	Ísland-Svíþjóð	78-125	(40-59)
	Noregur-Finland	70-117	()
2/4	Danmörk-Ísland	83-74	(35-31)
	Svíþjóð-Finland	82-70	(47-42)

	<u>L</u>	<u>U</u>	<u>T</u>	
1. Svíþjóð	4	4	0	8 stig.
2. Finland	4	3	1	6 "
3. Danmörk	4	2	2	4 "
4. Ísland	4	1	3	2 "
5. Noregur	4	0	4	0 "

Þetta var í 6. sinn sem Polar Cup var haldinn og Finnar höfðu sigrað í öllum til þessa. En Sænska liðið verðskuldaði sigra í þessum Polar Cup.

Íslenska liðið sem ávallt hefur náð þriðja sæti þar til nú, varð nú að þola tap á móti dönum í fyrsta sinn í tíu ár, bó oft hafi verið mjótt á mununum í leikjum dana og íslendinga.

Kolbeinn Pálsson lék sinn 25. landsleik á móti Noregi og er hann 6. landsliðsmaðurinn sem nær þeim áfanga.

Norska liðið hefur einnig tekið miklum framförum og er greinilegt að sú einangrun sem við búum við í íþróttasamskiptum setur sinn svip á frammistöðu íslenska landsliðsins.

Að mótinu loknu voru valdir 5 beztu leikmenn, en þeir eru:

Ulf Lindelöf	Svíþjóð
Kjell Rannelid	Svíþjóð
Kolbeinn Pálsson	Ísland
Pál Vik	Noregur
Mika Vuorio	Finland

Bezti leikmaður og bezti varnarmaður:

Ulf Lindelöf

Beztur í fráköstum:

Kjell Rannelid

Vinsælasti leikmaðurinn:

Pál Vik

Með tilkomu reglugerðar um auglýsingar á búningum opnaðist sá möguleiki að auglýsa á búningum íslenska landsliðsins. Var samið við Flugfélag Íslands um auglýsingu á búningum íslenska landsliðsins og voru keyptir nýir búningar í þessu tilefni. Þessi samningur varð mjög til þess að auðvelda för íslenska liðsins hvað fjárhagshliðina snerti og opnar vonandi leið til aukinna samskipta við erlendar þjóðir í framtíðinni.

ÞING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDA NORÐURLANDA.

Þing körfuknattleikssambanda Norðurlanda var haldið 2. apríl. Var þar meðal annars rætt um samvinnu við öflun fræðsluefnis t.d. kvikmynda, bóka og stensla. Einnig kom fram að sænska sjónvarpið mun gera 6 fimmtán mínútna kennslumyndir fyrir sjónvarp, sem munu verða nefndar Körfuknattleiksskólinn.

Einnig voru þjálfaranámskeið til umræðu og ákveðið að halda þau til skiptis þannig:

1973	Danmörk
1974	Finnland
1975	Svíþjóð
1976	Noregur
1977	Ísland

Rætt var um túlkun leikreglna og þörf á samræmingu sjónarmiða í því tilliti og að nauðsynlegt sé að fylgja þróuninni hjá FIBA. Einnig var ákveðið að þjálfarar og dómara hélðu fund áður en Polar Cup hæfist, til að ræða túlkun reglnanna.

Rætt var um þróun Minni-Bolta og möguleika á leikjum milli félaga eða landsliða á Norðurlöndum. Ákveðið var að leika ekki landsleiki fyrr en 1974.

Samþykktar voru reglur fyrir Norðurlandamót í körfuknattleik, sem lögð voru drög að á þinginu 1970.

Einnig var samþykkt almenn dagskrá fyrir þing körfuknattleikssambanda Norðurlanda og tímatakmörk varðandi hana. Það er að senda þarf tillögur í síðasta lagi 6 vikum áður og framkvæmdar- aðili í hvert sinn sendi dagskrána til þátttakenda 4 vikum fyrir þingið.

Danska sambandið lagði fram 5 tillögur, sem það hugðist leggja fram á þingi FIBA og óskaði eftir stuðningi frá hinum Norðurlöndunum:

1. tillaga:

Var um sjónvarpsútsendingar frá leikjum og var samþykkt með breyttu orðalagi.

2. tillaga:

Var um skiptingu í A, B og C-flokka í Evrópukeppnum og hlaut hún stuðning allra.

3. tillaga:

Var um svæðaskiptingu við Miðjarðarhafið og var hún samþykkt eftir að orðalagi hafði verið breytt.

4. tillaga:

Var um dagskrá evrópuþingsins og hlaut hún eindreginn stuðning allra, þar sem dagskráin á að vera tilbúin 2 mánuðum áður, þar eð stjórnir hinna einstöku sambanda þurfa oft að fjalla um afstöðu til ýmsra mála.

5. tillaga:

Var um að körfuknattleikur yrði tekinn á dagskrá vetrar Olympíuleikanna en var dregin til baka.

Þá var einnig rætt um skipti á oddfánunum og merkjum og var ákveðið að ekki skyldu fara fram formleg skipti.

Vegna óljósra reglna um verðlaunagripni. Gáfu bæði finnska og íslenzka sambandið "Polar Cup". Það varð að samkomulagi að finnski gripurinn varð sá sem keppt var um, en sá íslenzki verður í lok hvers móts afhentur næsta framkvæmdaraðila til að minna á verkefnið. Gripur þessi var búinn til hjá GLIT, úr íslenzku efni og vakti mikla aðdáun hjá hinum fulltrúunum.

Fulltrúar Íslanda á þinginu voru Hólmsteinn Sigurðsson og Björn Jóhannsson,

DÓMARANÁMSKEIÐ.

Tvö námskeið voru haldin á árinu 1972. Birgir Guðbjörnsson fór austur að Eiðum og hélt þar námskeið og prófaði 25 dómara.

Guðmundur Þorsteinsson hélt námskeið í Reykjavík, sem aðallega var sótt af félögum úr FRAM og GRÓTTU, alls 23.

Mikil nauðsyn er á því, að dómarafélagið taki aftur til starfa og taki að sér niðurröðun dómara á leiki og fræðslu- starfsemi fyrir dómara.

HEIMSÓKN BLUE FIELD STATE.

Í janúar s.l. átti að koma hingað lið frá Blue Field State College frá Vestur Virginíu í Bandaríkjunum og átti að leika tvo leiki við úrval K.K.Í. á heimleið frá Evrópu, þ.e. 15. og 16. janúar, en vél sú er þeir voru með yfirflaug til Bandaríkjanna svo ekki varð af leikjunum. Var þetta mjög bagalegt þar eð þetta voru einu erlendu samskiptin, sem búið var að semja um á þessum vetri.

Ólafur Thorlacius valdi eftirtalda leikmenn í úrval K.K.Í.:

Agnar Friðriksson, ÍR
Anton Bjarnason, ÍR
Kristinn Jörundsson, ÍR
Jón Sigurðsson, Á
Birgir Guðbjörnsson, KR
Kolbein Pálsson, KR
Kristinn Stefánsson, KR
Bjarna Jóhannesson, KR
Þórir Magnússon, Val
Kára Marisson, Val

Lék liðið nokkra æfingaleiki við Reykjavíkurfélögin og einnig við úrval varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli undir stjórn Ólafs Thorlaciusar.

ÝMISLEGT.

Á ársþingi FIBA, sem haldið var í sambandi við Olympíuleikana í München s.l. sumar voru samþykktar nokkrar breytingar á körfuknattleiksreglunum. Reglur þessar munu gilda næstu fjögur árin, og er nú beðið eftir ensku útgáfunni svo unnt sé að hefja undirbúning á útgáfu reglnanna á íslenzku, en körfuknattleiksreglur hafa ekki verið gefnar út síðan 1966.

Formaður sótti íþróttþing, sem haldið var í Hafnarfirði í ágúst. Sér sambönd innan Í.S.Í. voru 10. Á þinginu voru samþykktar breytingar á lögum Í.S.Í. varðandi stofnun sér- sambanda og hafa nú verið stofnuð fjögur ný sér sambönd á undanförunum mánuðum, þannig að nú starfa 14 sér sambönd innan Í.S.Í.

Einnig var samþykkt áskorun um afnám banns á sýningu innlends íþróttaefnis þar sem auglýsingar koma fram á búningum leikmanna og hefur bann þetta nú verið afnumið.

Ýmsar aðrar samþykktir voru gerðar á þinginu t.d. um Trimm og íþróttir fyrir fatlaða.

Kent Finanger frá Luther College í Iowa sem kom hingað árið 1971 og þjálfaði í 3 vikur, hefur nú sent K.K.Í. boð um ferð til Bandaríkjanna á tímabilinu 20.nóvember til 20. desember 1973. Leiknir yrðu 12-14 leikir á um 20 dögum. Segja má að fjármagn til greiðslu ferðakostnaðar sé þegar tryggt og er því unnt að hefja skipulegan undirbúning strax. Ekki er þó fullkannað hvort menn geta almennt farið í svo langa ferð, sem hér er um að ræða, en vonandi verður þó hægt að tefla fram sterkasta liði.

Síðastliðinn vetur lék landsliðið við lið frá Luxemborg, sem var á leið til Bandaríkjanna. Lið þetta er aftur á ferðinni um páksnan n.k. og hefur boðist til að leika hér og mun það boð verða þegið.

Það hefur mjög háð allri starfsemi K.K.Í. hve erfitt hefur reynst að fá menn til starfa í nefndum, sem hafa ákveðin verkefni með höndum. Er leitt til þess að vita, að ekki skuli vera starfandi unglínganefnd og minni-bolta nefnd en á þeim vettvangi er geysimikið starf fyrir höndum.

Að lokum þakkar stjórn K.K.Í. öllum þeim, sem hafa stutt hana í starfi og vonar að sem flestir reyni að leggja hönd á plóginn í framtíðinni.

ÍSLANDSMÓTIÐ Í KÖRFUKNATTLEIK 1972

Ú R S L I T.

M.fl. karla I. deild.

Í 1. deild léku 8 lið, og var leikin tvöföld umferð að venju. Leikið var á Akureyri og á Seltjarnarnesi. Liðin í 1. deild voru þessi:

Ármann, Þór, HSK, Valur, UMFS, KR, ÍR og ÍS.

Úrslit urðu þessi:

Þór : ÍS	45:44	og	59:60
Ármann : HSK	67:56	og	60:67
KR : Valur	83:72	og	90:65
ÍR : UMFS	84:61	og	110:73
ÍR : Þór	73:55	og	77:58
Valur : Ármann	63:61	og	78:103
ÍS : HSK	63:59	og	70:60
Þór : UMFS	70:46	og	68:60
Valur : Þór	69:68	og	65:64
ÍR : Ármann	90:65	og	102:69
KR : UMFS	84:68	og	96:79
ÍR : Valur	96:77	og	90:80
Valur : HSK	72:63	og	70:83
KR : HSK	86:79	og	74:50
Ármann : ÍS	92:80	og	60:63
Valur : UMFS	66:64	og	71:68
KR : Ármann	71:67	og	75:73
Valur : ÍS	89:55	og	60:65
UMFS : Ármann	99:79	og	67:88
KR : ÍS	94:76	og	99:78
ÍR : HSK	75:73	og	94:55
HSK : UMFS	76:74	og	83:69
Ármann : Þór	80:69	og	52:49
KR : Þór	105:73	og	52:48
ÍR : ÍS	91:64	og	98:77
UMFS : ÍS	76:60	og	62:68
ÍR : KR	75:74	og	66:75
HSK : Þór	61:63	og	HSK gaf.

Þegar leikjum mótsins var lokið, voru tvö lið efst og jöfn, KR og ÍR voru bæði með 26 stig af 28 mögulegum.

Aukaleikur um Íslandsmeistaratitilinn: ÍR : KR 85:76.

Íslandsmeistari:	ÍR	28	stig.
	KR	26	"
	Valur	14	"
	ÍS	12	"
	Ármann	12	"
	Þór	10	"
	HSK	8	"
	UMFS	4	"

II. deild:

Alls léku 8 lið í II. deild. Leikið var í tveim riðlum.

A-riðill: Breiðablik, Haukar, UMFN, ÍBV og K.A.

B-riðill: Snæfell, Hörður og K.F.Í.

Sigurvegarnar úr riðlakeppninni, UMFN úr A-riðli og Snæfell úr B-riðli léku til úrslita um sæti í 1. deild. UMFN sigraði í þeim leik með talsverðum yfirburðum og endurheimti þar með sæti sitt.

I. fl. karla:

Átta lið léku í 1. flokki: KR, ÍR, Valur, Ármann, ÍS, HSK, UMFS og Haukar.

Þegar keppninni lauk voru þrjú lið efst og jöfn: KR, Valur og Ármann. Þá lá fyrir kæra frá Ármanni út af leiknum gegn KR, og með því að vinna þá kæru hefðu Ármenningar orðið sigurvegarar. Kæran var hinsvegar látin niður falla og léku því þessi þrjú lið til úrslita. Í úrslitakeppninni hafði K.R. mikla yfirburði og varð því Íslandsmeistari 1972.

II. fl. karla:

Leikið var í Norðurlandsriðli og Suðurlandsriðli. KA og Þór léku fyrir norðan og sigraði Þór. Tvö efstu lið úr Suðurlandsriðli, KR og Valur léku í úrslitunum, þar sem Þórsarar mættu ekki til keppni í úrslitunum. Valur sigraði.

III. fl. karla:

Í 3. fl. karla léku 14 lið. Í úrslit komust lið Ármanns og KR úr Suðurlandsriðli og Hörður frá Patreksfirði úr Vestfjarðarriðli. Ármenningar sigruðu nokkuð auðveldlega í úrslitum og urðu þar með Íslandsmeistarar 1972.

IV. fl. karla:

Leikið var í þrem riðlum. Tveim riðlum í Reykjavík og Vesturlandsriðli. Hörður frá Patreksfirði komst í úrslit úr Vesturlandsriðlinum, og ÍR og Fram úr Reykjavíkurriðlunum. Í úrslitakeppninni sigraði ÍR.

Skv. upplýs 12-Stíkkna frá ungu. þær ÍSLM 1972 Mfl.kv.

